

*Reglugjörð um ábyrgð Reykjavíkrkaupstaðar fyrir eldsvoða á húsum bæjarins.***30**
10da
nóvbr.

1. grein.

Samkvæmt 1. gr. tilsk. 14. dag febrúarmánaðar 1874 tekur Reykjavíkrkaupstaður að sêr ábyrgð fyrir eldsvoða á þriðjungi ábyrgðarverðs timbrhúsa og múrhúsa kaupstaðarins, og bæja þeirra, sem í ábyrgð eru teknir, á móts við brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, eptir sömu virðingu og nefnt félag.

2. grein.

Öllum húsum bæjarins er að þessum þriðjungi skipt til ábyrgðar í aðalflokka, og hverjum aðalflokki í ábyrgðardeildir eptir sömu reglum og gjört er í brunabótafélagi hinna dönsku kaupstaða samkvæmt auglýsingu dómsmálastjórnarinnar 9. dag aprílmánaðar 1872, IV, 1. og 2. gr. samanborinni við «Vedtægt for Kjøbstædernes almindelige Brandforsikkring» 18. dag júlím. 1874, og reglugjörð fyrir brunamálastjórnann í Reykjavík 11. d. ágústmán. 1874, svo sem nú skal greina.

3. grein.

Húsum þeim, sem í ábyrgð eru tekin, skal skipt í 5 flokka eptir því, til hvers þau eru notuð, og fer ábyrgðargjaldið eptir því:

1. flokkur: kirkjur og líkhús.
2. — vanaleg hús. Til þeirra teljast öll hús þau, er til íbúðar eru höfð og vana-legrar atvinnu, nema því að eins, að þau sæu talin í einhverjum öðrum flokki.
3. — það eru þau hús, þar sem sú vinna er framin, er hætta fyrir eldsvoða þykir búin af. Til þeirra teljast: brauðgjörðahús, járnsmiðjur og mylnur, sem knúð-ar eru áfram af hestum, og verksmiðjur.
4. — til hans teljast ölgjörðarhús, ediksgjörðarhús, maltsuðuhús, brennivínsgjörðar-hús, leikhús og skemtistaðir, kalkbrensluhús, kornmylnur, sem vatnsstraumur knýr áfram, hús þau, þar sem húsbúnaður er gjörður eða þess konar tré-smiðahús.
5. — Til þess flokksins teljast þau hús, þar sem einkar-hætt þykir við eldsvoða, svo sem vindmylnur.

4. grein.

Í hverjum hinna 4 síðustu flokkanna skal húsum skipt í 3 ábyrgðardeildir eptir því, úr hverju efni þau eru gjörð.

1. ábyrgðardeild: Til hennar eru þau hús talin, sem gjörð eru að öllu leyti úr steini eða kalklímdum binding, með hellupaki eða málmþaki eða öðru óeldfimu paki.
2. — Til hennar teljast öll hús úr timbri með hellupaki eða óeldfimu paki.
3. — Til hennar skal telja öll þau hús, sem eigi geta átt undir 1. eða 2. á-byrgðardeild.

5. grein.

Samkvæmt 2. grein skal ábyrgðargjaldið reiknað þannig af hverjum 100 krónum:

	1. ábyrgðardeild.	2. ábyrgðardeild.	3. ábyrgðardeild.
1. flokkur	30 aurar	30 aurar	45 aurar
2. —	35 —	50 —	65 —
3. —	40 —	60 —	75 —
4. —	60 —	80 —	95 —
5. —	100 —	160 —	175 —

Auk þess skal greiða 6 aura af hverjum 100 krónum ábyrgðarverðsins í innheimtugjald.

Hinn 27. nóvember 1874.

30

10da
nóvbr.

6. grein. Ábyrgðargjald þetta skal greiða altíð einu fyrir heilt ár, frá 1. d. októbermán. til 30. d. septembermánaðar að báðum dögum meðtöldum, og skal það greitt fyrirfram fyrir hvert næst eftirfarandi ár innan útgöngu septembermánaðar.

7. grein. Bæjarstjórnin skipar mann til að heimta saman gjald þetta, og greiðir hann það í bæjarsjóð innan 10. dags októbermánaðar ár hvert, og fær hann hæfileg laun fyrir ómak sitt.

8. grein. Svo lengi bærinn fær endrábyrgð á þeim þriðjungi, sem hann tekur ábyrgð á, skal það fæ, sem gjaldast kannt umfram slíkt ábyrgðargjald og börgun til innheimtumanns, vera geymt í sjóði sér og ávaxtast undir umsjón bæjarstjórnarinnar, og eins skal farið með alt ábyrgðargjaldið, ef bærinn tekur að sér ábyrgðina sjálf án endrábyrgðar.

9. grein.

Að því er spertir að döðrn deyti viðskipti húseiganda og kaupstaðarins viðvíkjandi brunabótum skal farið eftir sömu reglum, og settar eru í auglýsingu dómsmálastjórans 9. d. aprílmán. 1872, III., 6.—8. gr., samanborinni við «Vedtægt for Kjøbstædernes almindelige Brandforsikkring», 18. d. júlí 1874, svo sem segir í eftirfarandi greinum:

10. grein. Þegar virða skal skaðabætr eftir húsbruna, skulu hjnir skipuðu virðingarmenn það gjöra, og þá þess gæta:

- a) að eigi skal tekinn til greina kostnaðr sá, sem burflutningr rústanna hefir í för með sér, því að eigandi ber þann kostnað endrgjaldslaut.
- b) Svo framarlega sem tjónið getr eigi numið 10. hluta af ábyrgðarupphæð húss þess, sem fyrir skemdum hefir orðið, skal skaðann meta það, sem viðgjörðin eftir áætlun muni kosta.

11. grein. Virðing húsa til skaðabóta má hlutaðeigandi yfirvald leggja undir yfirmat, ef húseigandi eða bæjarstjórn æskir þess; nefnir yfirvaldið til þessa 4 yfirmatsmenn, og skal brunamálastjóri vera viðstaddr slíka virðingu, en sá, sem yfirmats vill beiðast, hvort heldr er eigandi eða bæjarstjórn, skal beiðast þess innan þriggja sólarhringa, eftir að frumvirðingin hefir fram farið, og skal ávallt sitja við yfirmatið óbreytt.

12. grein. Húseigandi sá, sem hús hefir brúnnið fyrir, þer skyldr að taka leifar hins brúna húss upp í skaðabætr sínar með því verði, sem matsmenn meta þær til.

Samþykkt í bæjarstjórninni Reykjavík, 5. d. nóvembermán. 1874.

L. E. Sveinbjörnsson. H. Kr. Friðriksson. J. Steffensen. O. Finsen. Jóh. Olsen.
Magnús Stephensen. Einar Þórðarson. G. Þórðarson.

Samkvæmt 13. grein tilskipunar um ábyrgð fyrir heldsvoða í Reykjavíkr kaupstað frá 14. febrúar þ. á. staðfestist framanrituð reglugjörð.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 10. dag nóvembermán. 1874.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.